

Starfsskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.
1.1	Öll steinefni, steypu, múrbrot o.fl. skal úða með vatni við niðurbrot til að koma í veg fyrir rykmyndun. Enn fremur skal lágmarka rykmyndun á framkvæmdasvæði öllu svo og við brottflutning niðurbrotsefna eftir því sem við á, m.a. með skolun hjólbarða flutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.	787/1999 5. gr.
1.2	Ef í ljós kemur við niðurrif mannvirkis að jarðvegur er mengaður skal tafarlaust hafa samband við viðkomandi heilbrigðiseftirlit.	1400/2020
1.3	Áður en niðurrif hefst á að tryggja að búið sé að aftengja rafmagn og vatn, nema það sem þarf til niðurrifs. Skólþ- og frárennslisrör skulu vera frágengin á fullnægjandi hátt.	
1.4	Starfseminni skal hagað þannig að hún valdi hvorki nágrönnum né fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna fjúkandi úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.	830/2022, sbr. 550/2018
1.5	Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.	

1.6	Ábyrgðarmaður/forráðamaður fyrirtækisins sem með skráningu þessari hefur verið heimilað niðurrif tilgreindra mannvirkja, ber ábyrgð á að niðurrif verði í samræmi við skilyrði þessi og önnur ákvæði sem eiga við skv. lögum, reglugerðum og leiðbeiningum.	
1.7	Girða skal af niðurrifssvæði sem liggur að götu, göngustíg eða öðrum svæðum þar sem hætta getur skapast fyrir vegfarendur.	430/2007
1.8	Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti tilkynna íbúum og öðrum þeim sem hafast við á nærliggjandi svæðum um fyrirhugaða framkvæmd áður en hún hefst. Fram skal koma tímalengd framkvæmdar, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum.	724/2008.
1.9	Ef flokkun og forvinnsla niðurrifsefna á sér stað á því svæði sem verið er að rífa niður byggingar skal huga sérstaklega að því að sú starfsemi valdi ekki ónæði. Sérstaklega hávaðasöm starfsemi, svo sem höggborun, kvörnun efnis o.þ.h. má ekki fara fram, í og við íbúðasvæði nema á virkum dögum milli kl. 07:00 og kl. 19:00 nema sérstakar reglur eða samþykktir sveitarfélaga kveði á um annað. Rekstraraðila ber að kynna sér það áður en vinna hefst.	724/2008, 9. gr.

2. MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

2.1	Úrgangsefni skal endurnýta eins og kostur er að undangenginni flokkun þeirra. Úrgangsefnum sem ekki eru endurnýtt skal farga á öruggan hátt, á stað sem hefur til þess starfsleyfi og afla kvittana fyrir móttöku þeirra hjá viðkomandi úrgangsmóttöku.	738/2003, 803/2023
2.2	Öllum spilliefnum s.s. asbesti, PCB, þungmálmum, kvikasilfri, olíum o.fl. skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. múrbroti, timbri, járn, plasti o.fl.	806/1999, 1040/2016
2.3	Hreinsun á menguðum jarðvegi er starfsleyfis skyld starfsemi hjá heilbrigðisnefnd. Fara skal eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg.	1400/2020
2.4	Asbetryk og úrgangur sem inniheldur asbest skal geymdur í þéttum, merktum og lokuðum ílátum og fluttur af flutningsaðila sem hefur starfsleyfi til flutnings spilliefna og ADR réttindi til flutnings hættulegs farms til förgunarstaðar sem hefur starfsleyfi til förgunar asbests.	430/2007, 705/2009 1077/2010

3. SÉRSTAKAR MENGUNARVARNIR ÞEGAR UM NIÐURRIF ASBESTS ER AÐ RÆÐA

		Rgl.nr.
3.1	Ávallt skal kalla til aðila sem hefur samþykki Vinnueftirlitsins til að vinna við niðurrif eða viðhald á asbesti. Slíkir aðilar þurfa að leita samþykkis Vinnueftirlitsins fyrir sérhverju verkefni.	
3.2	Ávallt skal byrja á að rífa niður asbest við niðurrif bygginga þar sem asbest hefur fundist, hvort sem það snýr út á við eða fyrirfinnst í innirými.	
3.3	Koma skal í veg fyrir loftmengun frá starfseminni meðan niðurrif á asbesti fer fram. Asbest skal ávallt rífa handvirkt hvort sem það fyrirfinnst við útveggi, þakplötur o.þ.h., eða í innirými t.d. veggplötum, flísum og við vatnslagnir. Koma skal í veg fyrir rykmyndun eftir ítrustu getu. Áhersla skal lögð á að bleyta með vatni byggingahluta sem innihalda asbest og snúa út á við.	430/2007
3.4	Heilbrigðisnefnd áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbests í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang. Afsogsloft af svæðinu skal leiða út í gegnum HEPA síu, þannig að hætta á innöndun sé hverfandi, og að komið sé í veg fyrir mengun utan svæðisins. Greinagóðar merkingar skulu vera til staðar við verkstað um að asbest niðurrif séu að fara fram.	430/2007 6. og 7. gr.
3.5	Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að láta mæla magn asbestsvifagna í loftinu og takmarka aðgang að svæðinu ef niðurstöður mælinga gefa tilefni til eða ef rökstuddur grunur er um asbestmengun á svæðinu.	430/2007

Skráninganúmer	Tegund framkvæmdar	Dagsetning	Útfyllt af		
Lóðarheiti	Sveitarfélag	Póstnúmer	Fastanúmer	Stærð [m2]	
	Kennitala	Heimilisfang		Netfang	

Skýrsla um gerð, magn og lokaáfangastað niðurfíffsúrgangs í kg.

	Áætlað heildarmagn úrgangs	Magn endurvinnsla /endurnýting	Móttökuaðili	Magn í förgun eða brennslu	Móttökuaðili	Raunmagn endurvinnsla/endurnýting*
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
Steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik	0					
Ómálað timbur	0					
Málað timbur	0					
Plast	0					
Gler	0					
Málmar	0					
Malbik	0					
Steinull, glerull	0					
Gips	0					
Ljós og rafeindatæki	0					
Lífrænn úrgangur	0					
Blandaður úrgangur	0					
Úrgangur sem inniheldur asbest	0					
Spilliefni						
Olíumálning	0					
Olíur og eldsneyti	0					
Önnur spilliefni	0					
Annar flokkaður úrgangur						
	0					
	0					
	0					

Samtals áætlaður flokkaður úrgangur	0	0		0		0
--	---	---	--	---	--	---

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, reglugerð nr. 1040/2016 úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum og reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir,